

## Atvinna

Atvinnumálanefnd og þeim aðilum sem skila sérfræðialiti ber að meta umsóknir út frá eftirfarandi sex þáttum:

- **Lýsing á verkefni**
- **Möguleiki á atvinnusköpun**
- **Nýnæmi**
- **Samkeppni**
- **Hæfni umsækjanda**
- **Áætlanagerð**

Hér að neðan gefur að líta forsendur stigagjafar. Heildarstigafjöldi fyrir þættina sex er 120 stig, en hægt er að fá 0, 10, 15 eða 20 stig fyrir hvern þátt. Umsóknir eru metnar eftir samanlagðri stigatölu.

### Lýsing á verkefni

0 stig - Lýsing á viðskiptahugmynd ófullnægjandi.

10 stig - Lýsing á viðskiptahugmynd í lagi en markmið óskýr eða óljós.

15 stig - Lýsing á viðskiptahugmynd vel unnin og markmið vel skilgreind og skýr.

20 stig - Lýsing á viðskiptahugmynd mjög vel unnin og markmið verkefnis mjög vel skilgreind og skýr.

### Möguleiki á atvinnusköpun

0 stig - Ólíklegt að hugmynd verði að atvinnustarfsemi.

10 stig - Vafi er á því að viðskiptahugmynd geti gengið eftir og orðið að starfsemi sem veitir atvinnu.

15 stig - Nokkuð miklar líkur á því að viðskiptahugmynd gangi eftir og skapi atvinnu.

20 stig - Mjög miklar líkur á því að viðskiptahugmynd gangi eftir og verði að starfsemi sem veitir atvinnu.

### Nýnæmi

0 stig - Ekkert nýnæmi, úreltar aðferðir.

10 stig - Lítið sem ekkert nýnæmi í vöru eða aðferðum.

15 stig - Þó nokkuð nýnæmi í vöru eða aðferðum.

20 stig - Verkefni er mikil nýjung og er nýtt á markaði, nýjar aðferðir, endurbætt vara, óleyst þörf.

### Hæfni umsækjanda

0 stig - Ekki sýnt fram á að umsækjandi búi yfir reynslu eða hæfni til að vinna verkefnið.

10 stig - Umsækjandi hefur nokkra þekkingu á umfangsefninu.

15 stig - Umsækjandi hefur haft kynni af sambærilegum verkefnum, hefur sótt nám eða námskeið sem nýtast við úrvinslu verkefnisins og sýnir fram á að hann hafi hæfni til að vinna verkefnið.

20 stig - Umsækjandi hefur lokið námi og hefur haldbæra reynslu á því sviði er verkefnið varðar.

### Samkeppni

0 stig - Bein samkeppni við innlenda og staðbundna aðila.

10 stig - Frekar lítil samkeppni við hliðstæða vöru eða þjónustu.

15 stig - Óveruleg samkeppni, lausn frábrugðin því sem í boði er, engin staðbundin samkeppni, grein í nokkrum vexti.

20 stig - Mjög lítil samkeppni, nýr markaður, grein í miklum vexti.

### Áætlanagerð (Fjármögnun, kostnaðaráætlun og verkáætlun)

0 stig - Kostnaðaráætlun ekki til staðar.

10 stig - Kostnaðaráætlun ekki nægilega vel unnin og óraunhæf.

15 stig - Kostnaðaráætlun nokkuð vel unnin, raunhæf og fjármögnun trúverðug.

20 stig - Kostnaðaráætlun mjög vel unnin og raunhæf, fjármögnun verkefnis mjög trúverðug.